

angurinn kann að hafa verið smár af þessum lærdómi, þá hélt hann þó vakandi námfýsi manna og áhuga fyrir þekkingu og framförum, sem brátt hvarf, þegar guðfræðin ein tók við. Menn athuguðu það eigi heldur, að deilurnar og þráttið og sundurlyndið milli kyrkjuféðranna var ekki sprottið af sannri þekkingu eða „heiðnum“ vísdómi, heldur af miklu óæðri rótum.

En heiðnu skólarnir voru kveðnir niður, og menntunin, er miðaldaskólarnir fengust við, varð að öllu leyti guðfræðisleg.

Skólar þeir, er á gang komust á miðöldunum, voru algjörir kyrkjuskólar. Það eina augnamið, er þeir höfðu fyrst lengi vel, var að útpýða ritningarnar á heimspekilegan hátt, í stað þess að leita að nokkrum nýjum sannleika. Það var almennt viðurkennt, að helgirit kyrkjunnar hefði inni að halda allan sannleikann, og það eina, er menntunin gagnaði til, væri að gjöra hann skiljanlegan, og mynda úr honum lífsreglur fyrir land og lýð, og hlaða upp múrveggi hinnar kathólsku kirkju. En þótt miðaldaskólunum væri mjög ábótavant, þá voru þeir þó til stórra bóta, því sú litla bóklega þekking, er mönnum hlotnaðist, varð þó að koma frá þeim. Enda urðu þeir brátt mikið veldi innan ríkis og kirkju, og þótti það ekki litlu varða, hvorum skólarnir fylgdu að málum, þegar til ágreinings kom milli konunga og páfa.

Fyrir þessa skuld voru þeir sæmdir hinum og öðrum einkaréttindum af páfum og keisurum, að þeir hylti sig, ef til vandræða kæmi, því sá þeirra, er skólahyllinnar naut, átti jafnaðarlegast sigurinn vísan, ef í deilur slóst

Það, sem telja má miðaldaskóla, eru aðallega skólar norð-ur og vestur Evrópu, er upptök sín áttu að þakka kristniboðinu norður á bóginn og klaustrunum, er fylgdi í kjölfar kristniboðanna.

Skóli sá, er langfremstur var talinn á miðöldunum, og flestallir skólar sömdu sig eftir, var háskólinn í París. Hann var einn sá elzti og merkasti þar af leiðandi, því þangað höfðu nemendur sótt úr öllum löndum svo öldum skifti, löngu áður en að margir hinna skólanna urðu til, svo sem Oxford, Cambridge, Heidelberg, Jena o. sv. frv., er síðar hafa orðið víðfrægir.

Af framferði og lífnaðarháttum kennara og nemenda við Parísarháskólann má marka, hversu háskólalíf miðaldanna hefir